

STARFSREGLUR FORELDRARÁÐS PÁLMOHOLTS

1. grein

Foreldraráð starfar skv. ákvæðum 11. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Kjörfundur foreldraráðs skal haldinn á aðalfundi foreldrafélags í september ár hvert og boðar foreldrafélagið til fundarins. Kjörnir fulltrúar taka sæti í foreldraráði þegar að kjöri loknu. Æskilegt er að a.m.k. einn fulltrúi frá fyrra starfsári haldi áfram í foreldraráði en gangi það ekki eftir skal fráfarandi foreldraráð halda skilafund með nýja ráðinu.

2. grein

Foreldraráð starfar eitt ár í senn og fundar a.m.k. tvisvar sinnum á önn. Fundargerðir foreldraráðs skulu birtar á heimasíðu leikskólans eins fljótt og kostur er og eigi síðar en viku eftir fund. Æskilegt er að foreldraráð og foreldrafélag fundi einu sinni saman í upphafi vetrar.

3. grein

Í foreldraráði eiga sæti a.m.k. þrjú fulltrúar. Æskilegt er að kjósa allt að þrjú varafulltrúa. Á fyrsta fundi eftir kosningu ráðsins skulu fulltrúar skipta með sér verkum og tilnefna formann, ritara, meðstjórnanda og varamenn ef við á. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.

4. grein

Foreldraráð fjallar um skólanámskrá, skóladagatal, fjárhagsáætlun og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, og veitir umsögn sé þess óskað. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum ef við á.

5. grein

Foreldraráð fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.

6. grein

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar um ýmis málefni sé þess óskað.

7. grein

Foreldraráð fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

8. grein

Foreldraráð er upplýst um stefnumótun, sérkenni leikskólans og tengsl hans við grenndarsamfélagið.

9. grein

Foreldraráð vinnur að auknu samstarfi við foreldraráð annarra leikskóla eftir þörfum.

10. grein

Ef foreldrar vilja koma á framfæri athugasemdum um skólahaldið geta þeir komið þeim til foreldraráðs ef aðrar leiðir eru ófærar.

11. grein

Fulltrúum í foreldraráði er skylt að gæta þagmælsku um þau atriði sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum eða eðli málsins.

12. grein

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar af foreldraráði eftir þörfum og að jafnaði í upphafi hvers skólaárs eftir kosningu nýs foreldraráðs. Breytingartillögur skulu hljóta samþykki meirihluta fulltrúa í foreldraráði hverju sinni. Endurskoðaðar og breyttar starfsreglur skulu staðfestar af fulltrúum í foreldraráði með undirritun.

Starfsreglur þessar voru unnar af foreldraráði Pálmholts vorið 2011 og samþykktar á aðalfundi Foreldrafélags Pálmholts 22. september 2011.

Þannig breytt á fundi foreldraráðs 7. mars 2016.

Í foreldraráði Pálmholts:

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____